

Dalabyggð
Bogi Kristinsson
Miðbraut 11
370 Búðardalur



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 25.10.2017
Tilv. 0009/2017 - 2. 9

Efni: Varðar breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 og deiliskipulag fyrir Hvalárvirkjun

Fiskistofu barst í tölvupósti þann 31. ágúst s.l. beiðni um að gefa umsögn vegna breytinga á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 og deiliskipulag fyrir Hvalárvirkjun.

Fram kemur í gögnum vegna mats á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar að veiðihagsmunir eru taldir litlir á áhrifasvæði virkjunarinnar. Rennslisbreytingar í ánum muni breyta skilyrðum fyrir laxfiska verulega og eru áhrifin af því talin geta verið nokkuð neikvæð, en mögulega afturkræf. Niðurstaða framkvæmdaáðila er að áhrif virkjunar á landnotkun eru talin vera óveruleg, bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma.

Fiskistofa tekur undir það að veiðihagsmunir eru litlir á svæðinu. En eins og Fiskistofa nefndi í umsögn sinni vegna gerðar umhverfismats vegna Hvalárvirkjunar fer það vaxandi að svæðið sé heimsótt af ferðamönnum og göngufólki. Silungsveiði getur verið góður kostur fyrir ferðamenn og aukið möguleika og aðdráttarafl fyrir ferðamenn á svæðið, þó veiðihagsmunir séu litlir.

Fiskistofa vill benda á að framkvæmd eins og gert er ráð fyrir í breyttu aðalskipulagi er háð leyfi Fiskistofu en um það gildir 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Umsóknareyðublað vegna slíkra framkvæmda er að finna á vefsíðu Fiskistofu: www.fiskistofa.is.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa


Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs